



---

# STARFSLÝSING

---

Næsti yfirmaður deildastjóri

## 1. Meginviðfangsefni

Leikskólakennari starfar eftir lögum um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla og fræðslu- og frístundastefnu sveitarfélagsins.

## 2. Helstu verkefni

### 2.1 Uppeldi og menntun:

- Vinnur að uppeldi og menntun barnanna. Fylgist vel með velferð þeirra og hlúir að þeim andlega og líkamlega í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins svo að þau fái notið sín sem einstaklingar.

### 2.2 Stjórnun og skipulagning:

- Tekur þátt í gerð skólanámskrár, mati á starfsemi leikskólans og þróunarverkefnum undir stjórn leikskólastjóra.

- Tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs deildarinnar undir stjórn deildarstjóra.

### 2.3 Foreldrasamvinna:

- Vinnur í nánú samstarfi við foreldra/forráðamenn barnanna.

- Situr foreldrafundi sem haldnir eru á vegum leikskólans.

### 2.4 Annað:

- Tekur þátt í samstarfi við ýmsar stofnanir og sérfræðinga sem tengjast leikskólanum í samráði við deildarstjóra.

- Situr starfsmannafundi og aðra fundi er yfirmaður segir til um og varðar starfsemi leikskólans.

- Sinnir þeim verkefnum er varðar uppeldi og menntun barnanna sem yfirmaður felur honum.

## 3. Hæfnis- og samstarfsmarkmið

### 3.1 Menntun og reynsla:

- Kennaramenntun er skilyrði.

- Leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari skv. 9. gr. laga nr. 95/2019.

- Reynsla af starfi með börnum æskileg.

### 3.2 Hæfnisþættir:

- Sjálfstæði í vinnubrögðum.

- Frumkvæði og skipulagshæfni.

- Jákvæðni og sveigjanleiki í samskiptum.

- Hæfni og áhugi á að vinna í hóp.

- Ábyrgð og stundvísi.

- Góð íslenskukunnátta.

Fjarðabyggð, xx. xxx 20xx